




Borgarstjórnin í Reykjavík



Reykjavík, 16. júní 2021
R21060146
3500
ívs

Skóla- og frístundaráð

Borgartúni 12 - 14
105 REYKJAVÍK

Tillaga Justinu Kiskevicuite, fulltrúa ungmennaráðs Kjalarness um aukna fræðslu um lýðræði og lýðræðislega þátttöku í grunnskólum Reykjavíkur

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 11. júní 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga Justinu Kiskevicuite frá ungmennaráði Kjalarness:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að hefja vinnu við innleiðingu náms á unglingsstigi þar sem áhersla er lögð á fræðslu um lýðræði og lýðræðislega þátttöku í samstarfi við grunnskóla Reykjavíkur. Miða skal við að kenningu hefjist í öllum grunnskólum eigi síðar en á haustmíssi 2022.

Greinargerð:

Ungmennin kalla eftir auknum réttindum og fyrir Alþingi liggur til umsagnar frumvarp um lækkun kosningaaldurs niður í 16 ára. Mikilvægt er því að ungmenni fái hlutlausu fræðslu um lýðræði, stjórnsmál, stjórnkerfið, stjórnsmálaflokka og fleira til þess að þau séu betur tilbúin að takast á við þá áskorun að ganga til kosninga og gæta sinna hagsmuna.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði.

Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af skóla- og frístundaráði fyrir þann tíma.



Helga Björk Laxdal

e.u.